

125. löggjafarþing 1999–2000.
Þskj. 616 — 361. mál.

Fyrirspurn

til sjávarútvegsráðherra um könnun á áhrifum laga nr. 12/1998 á íslenskan sjávarútveg.

Frá Svanfríði Jónasdóttur og Jóhanni Ársælssyni.

1. Hefur ráðherra látið kanna hvaða áhrif breytingar á lögum um stjórn fiskveiða frá árinu 1998 hafa haft „á íslenskan sjávarútveg, sérstaklega á stöðu og möguleika einstaklingsútgerðar“, sbr. bráðabirgðaákvæði XIX í lögunum um stjórn fiskveiða?
2. Ef þeirri könnun er lokið, hverjar eru þá niðurstöður hennar?
3. Hvenær hyggst ráðherra leggja niðurstöður könnunarinnar fyrir Alþingi?